

7

2. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, hljóði þannig:

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 26.22 — krónur tuttugu og sex tuttugu og tveir — hvert sterlingspund (£), og annarrar erlendrar myntar í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

8

7. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 11. gr. laganna orðist svo:

Einkasalan greiðir kostnað við flutning á tóbaki til verzlunarstaða innanlands.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu, og skal það vera hið sama um allt land.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.